



Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna

Parabakka 3, Pósth. 9376, 129 Reykjavík, Sími 587 2197, Símbréf 587 2175
Kennitala 530169 6349

Reykjavík, 16. apríl, 1996

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1503
komudagur 17/4 1996

Efni: Umsögn Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur farið þess á leit við Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna að það veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna skorar á Félagsmálanefnd að draga umrætt frumvarp til baka svo að aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið í sátt að gerð rammasamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu eru ýmis atriði sem að okkar áliti eru óásættanleg og vega þar þyngst ákvæði um völd ríkissáttasemjara, afgreiðslu miðlunartillögu og stofnun verkalýðsfélaga á ákveðnum vinnustöðum. Kjötiðnaðarmenn sem starfa þar sem slíkt verkalýðsfélag yrði stofnað yrðu sviftir félagafrelsi sínu. Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna er landsfélag sem starfar sem faglegt stéttarfélag. Hætt er við að vinnustaðaverkalýðsfélög sinni ekki hinni faglegu hlið vegna fárra starfsmanna, svo sem endurmenntun og miðlun fræðsluefnis og upplýsinga varðandi kjötið.

Í frumvarpinu má einnig finna orðalag sem er mjög vafasamt og ber vott um óvönduð vinnubrögð. Til dæmis: "Samningar hafa verið lausir um tíma" Er hér talað um klukkutíma, sólarhring, viku, mánuð? Annað dæmi: "Sáttasemjari leggi fram friðsamlega sáttatillögu". Við spyrjum: Friðsamlega fyrir hvern.; vinnuveitandann eða launþegann? Þetta eru aðeins dæmi um álit Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna á göllum frumvarpsins.

Við kjötiðnaðarmenn vonum að flutningsmenn frumvarpsins sjái sig um hönd og dragi það til baka því við erum sammála öðrum sambærilegum faglegum stéttarfélagum að það yrði "sögulegt stórslys fyrir íslensku þjóðina ef frumvarpið næði fram að ganga í núverandi mynd".

Með virðingu,

F.h. Félags íslenskra kjötiðnarmanna

Karl Kristensen, formaður